

Ed.

243. Frumvarp

til laga um sildarmat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Skoðun og mat skal fara fram á allri nýveiddri sild, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð, sykursöltuð eða kryddsöltuð hér á landi eða hér við land.

Skoðun þessa og mat framkvæma lögskipaðir matsmenn undir umsjón yfirmatsmanna, og skal söltun sildarinnar fara fram undir eftirliti þeirra.

Öll sild, sem söltuð er til útflutnings í lagarheldar tunnur, skal vera undir eftirliti matsmanna frá því hún kemur að landi og til þess er hún er flutt út, nema hún sé bituð smítt eða meðfarin á sérstaka iðnaðarvisu, alveg frábrugðna venjulegri söltun.

2. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af atvinnumálaráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir aðsetur á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Dyrhólaeyjar. Fjórði hefir aðsetur á Austfjörðum og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Dyrhólaeyjar. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbréf.

Yfirmatsmenn hafa að launum hver 2000 kr. á ári. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og fæðispeningar, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar.

Laun þeirra, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr rikissjóði. Þeir fá einnig greiddan úr rikissjóði nauðsynlegan simakostnað vegna sildarmatsstarfa.

Undirmatsmenn skipar lögreglustjóri eftir tillögum yfirmatsmanna, og svo marga sem þörf þykir. Atvinnumálaráðuneytið setur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum yfirmatsmanna í hvívetna. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og greiðir það sildareigandi, en sá, er sildina verkar, ber ábyrgð á greiðslunni.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

3. gr.

Áður en sildveiðaskip fer á veiðar skal skipstjóri afla sér eyðublaða undir skýrslur um veiði sína. Ráðuneytið gefur út eyðublöð þessi, og skulu yfirmatsmenn sjá um, að hvert sildveiðaskip geti fengið hæfilega mörg. Ber skipstjóra að fylla út eyðublöðin og tilgreina á þeim mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að innbyrða veiðina og hve mikil hún er í hvert skipti. Skýrslur þessar skulu síðan afhentar matsmanni sildarinnar, áður en byrjað er að salta hana. Vanræki skipstjóri að útfylla skýrslur þessar, má ekki salta sildina til útflutnings í lagarheldar tunnur.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul sildin er þegar hann kemur með hana til söltunar, og varðar það sektum samkvæmt 10. gr.

4. gr.

Nú kemur sildveiðaskip að landi með nýja sild, sem ætluð er til söltunar og útflutnings, og skal flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun sildarinnar fyrr en matsmaður hefir skoðað hana.

Alla sild, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur þar um. Skal í reglugerðinni svo vera fyrir mælt, að sérhverjum, sem salta vill sild, skuli gert að skyldu að flokka nákvæmlega eftir stærð og gæðum að minnsta kosti 15% af allri þeirri sild, er hann lætur salta til útflutnings af framleiðslu ársins 1932, og er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að fyrirskipa aukningu á slíkri stærðar- og gæðaaðgreiningu árlega næstu þrjú ár um allt að 15% hvert ár.

Meðan á söltun stendur ber matsmanni að gæta þess vandlega, að það af sildinni, sem flokka skal nákvæmlega eftir stærð og gæðum, blandist ekki saman við það, sem flokkað er aðeins eftir gæðum. Nú gætir einhver, sem að verkun vinnur, ekki fyrirskipana matsmanna, eða sýnir óvandvirkni í starfi sínu, og getur matsmaður þá krafizt þess, að honum sé vikið frá starfinu um tiltekinn tíma.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í sild til útflutnings og hversu mikið það skuli vera í hverja tunnu í minnsta lagi.

5. gr.

Undir matsskylda sild má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smiðaðar. Getur matsmaður bannað að láta salta í þær tunnur, sem hann telur til þess óhæfar.

Að söltun lokinni skulu tunnurnar geymdar á góðum, þurrum stað, og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu.

Gamlar eða notaðar sildartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir sild til útflutnings nema með samþykki atvinnuáráðherra, að fengnum tillögum yfirsildarmatsmanns.

6. gr.

Nú hefir sildarmatsmaður grun um, að sild hafi skemmt eftir söltun, af sólarhita eða öðrum ástæðum, eða að í henni sé mikil áta, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni, sem lætur nákvæma skoðun fara fram á hinni grunsömu sild.

7. gr.

Nú vill eigandi eða umráðamaður sildar senda hana til útlanda, og skal hann þá tilkynna það yfirmatsmanni svo tímanlega, að hann geti látið fara fram frekari skoðun á sildinni áður en hún er flutt í skip, ef hann telur þess þörf, og skal slík skoðun jafnan fara fram á allri sendingunni, ef sildin hefir ekki verið flutt út innan þriggja vikna frá því hún var söltuð.

8. gr.

Allri sild, sem send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsildarmatsmanns, eða þess matsmanns, sem hann kann að veita umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann, einhverra orsaka vegna, getur ekki verið viðstaddur, þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskirteini þau, er fylgja hverri sildarsendingu. Í vottorðinu skal það tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað ferminguna, ef ekki er í hvivetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang sildarinnar í skipinu. Atvinnuáráðuneytið gefur út fyrirmynd að farmskirteini með árituðu matsvottorði.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra skulu hver í sínu umdæmi sjá um það, að sildarfarmskirteini séu rituð á fyrirskipuð eyðublöð, og fylgi matsvottorð hverri sildarsendingu, sem þeir afgreiða, enda votti þeir undirskrift hlutaðeigandi matsmanns á farmskirteinið.

9. gr.

Alla matsskylda sild, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið af atvinnuáráðuneytinu. Skal það málað á efri botn hversrar tunnu. Ennfremur skal setja í þar til ætlaða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarkerki sildar eftir stærð, sbr. 4. gr. Ennfremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er sildina verkar, og útflytjanda hennar.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100–5000 kr. sektum, er renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Sildareinkasala Íslands var sett á stofn 1928, voru úr gildi numin lög nr. 56, 28. nóv. 1919, um skoðun á sild. Nú þegar Sildareinkasalan er lögð niður, verða ekki í lögum nein fyrirsmæli um skoðun eða mat á sild. Virðist því óhjákvæmilegt, að á þessu þingi verði sett lög um það efni. Sjávarútvegsnefnd hefir því, eftir tilmælum atvinnumálaráðherra, ákveðið að flytja frv. þetta. Er frv. í flestum meginatriðum samhljóða frumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi 1928, er samið hafði millipinganefnd, sem skipuð var af atvinnumálaráðherra 27. des. 1926.

Til leiðbeininga við frágang frv. nú hefir sjávarútvegsnefnd notið aðstoðar fyrrv. yfirsildarmatsmanns Jóns Bergsveinssonar, og eru þær breytingar, sem gerðar eru á frv. frá því, sem það var, þegar það var lagt fyrir þingið 1928, gerðar í samráði við hann.

Í frv. 1928 var gert ráð fyrir, að öll sild, sem söltuð er til útflutnings, skuli aðgreind eftir stærð og gæðum. Þessu hefir nefndin breytt þannig, að nú er í frv. þessu gert ráð fyrir, að aðgreiningin sé reglugerðarákvæði, þar sem svo skuli fyrir mælt, að aðeins 15% af framleiðslunni 1932 skuli aðgreint nákvæmlega eftir stærð og gæðum, en atvinnumálaráðherra heimilt, með reglugerð, að láta auka það næstu þrjú ár um allt að 15% á ári. Að öðru leyti sé aðeins um gæðaflokka að ræða. Það er þó sjálfsagt, að þeir, sem óska, geta fengið meira af sild þeirri, er þeir láta salta, aðgreinda nákvæmlega eftir stærð og gæðum.

Í reglugerð, sem sett var er sildareinkasalan hóf starfsemi sína, var gert ráð fyrir, að öll sild, sem söltuð væri til útflutnings, yrði flokkuð eftir stærð og gæðum. Þetta reyndist óframkvæmanlegt þá, og má gera ráð fyrir, að svo reynist einnig framvegis, ef heimta á flokkun eftir stærðum á allri sild allt í einu. Þess vegna er hér farið fram á, að þetta verði gert smámsaman og reynt að auka stærðaraðgreininguna árlega.

Nokkrar smærri breytingar eru frá nefndinni nú, og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, er fylgdi frv. 1928 (Alþt. 1928, A. þskj. 31).